



Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd,
bt. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2770
komudagur 15.5.2008

Reykjavík, 13. maí 2008
EBI/hó

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Bjargráðasjóð 587. mál
Tilv: 2008050012

Stjórn Bændasamtaka Íslands fjallaði um málið á stjórnarfundum þann 30. apríl sl. og gerði svohljóðandi bókun;

„8. Bjargráðasjóður: Lagt var fram til umsagnar frumvarp til laga um brottfall laga um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995, með síðari breytingum.

Formaður kynnti tillögu sína og framkvæmdastjóra með skilyrðum Bændasamtakanna fyrir því að stjórn BÍ sætti sig við að sjóðurinn verði lagður niður, sem þeir muni síðan leggja áherslu á í viðræðum sínum við Samgöngunefnd Alþingis um málið. Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir að a) sveitarfélögin fái lausn frá iðgjaldagreiðslu, b) Samband sveitarfélaga fái húsnæði og fjármuni til að mæta eftirlaunaskuldbindingum, c) ríkið leggi sinn hlut í stóráfalladeild innan Framleiðnisjóðs, d) ríkið leggi áfram fram 10 mkr. árlega, e) Bændasamtökin leggi hlutdeild bænda til Framleiðnisjóðs, f) Búnaðargjald til sjóðsins verði óbreytt, auk þess sem sett verði heimildarákvæði um endurgreiðslu búnaðargjalds tiltekinna búgreina. Bændasamtök Íslands og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti skipi starfshóp til þess að móta starfsemi sjóðsins. Starfsemin verði sameinuð Framleiðnisjóði og megin hlutverki Bjargráðasjóðs áfram sinnt“.

Fh. Bændasamtaka Íslands er ítrekuð ósk um að haft verði samráð við samtökin um vinnslu málsins.

Meðfylgjandi er samantekt úr skoðanakönnun sem gerð var að frumkvæði Bændasamtakanna vegna vinnu starfshóps um endurskoðun á starfsemi sjóðsins.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands


Eiríkur Blöndal

SÍMAKÖNNUN UM MÁLEFNI BJARGRÁÐASJÓÐS

Unnin af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir Bændasamtökin

Helstu niðurstöður

34% bænda telja slg þekkja mjög eða frekar vel til starfsemi sjóðsins en 48% mjög eða frekar illa

32% telja að sjóðurinn skipti mjög eða frekar miklu máli fyrir sinn búrekstur en 61% mjög eða frekar litlu máli

Þeir veltumestu segja sjóðinn skipta minnstu máli (79% mjög eða frekar litlu máli en 15% mjög eða frekar miklu máli). Þeir sem velta á bilinu 5-20 m. kr. telja hinsvegar að hann skipti meira máli, en þeir veltuminnstu telja líka að hann skipti minna máli.

Bændur vita yfirleitt ekki hve mikill hluti búnaðargjalds rennur til sjóðsins (92% segja það, en þau 8% sem svara játandi svara yfirleitt rangt)

74% telja mjög eða frekar mikilvægt að sjóðurinn starfi áfram en 18% telja það mjög eða frekar lítilvægt - Þeir veltumestu leggja minnsta áherslu á að sjóðurinn starfi áfram (37% telja það mikilvægt en 47% lítilvægt)

- Ekki er marktækur munur eftir búgreinum hvort bændur vilja að sjóðurinn starfi áfram (T.d. telja 66% mjólkur- og nautakjötsframleiðenda það mjög eða frekar mikilvægt).

- Marktækur munur er eftir svæðum. Þeir sem búa á Norðurlandi vestra leggja mesta áherslu á að sjóðurinn starfi áfram (87% mjög eða frekar mikilvægt) en Sunnlendingar leggja minnsta áherslu á það (59% mjög eða frekar mikilvægt)

Hvað varðar kosti varðandi framtíð sjóðsins telur helmingur svarenda telur best að endurskipuleggja hann og halda starfsemi áfram. 27% vilja leita til tryggingarfélaganna en 23% til ríkisins.

Þeir sem eru í mjólkur og nautakjötsframleiðslu og sauðfjárrækt eru frekar á því að endurskipuleggja sjóðinn og að hann starfi áfram heldur en aðrar búgreinar en þeir veitumestu vilja fremur leita til tryggingafélaganna.

Samantekt unnin af Sigurði Eypórssyni